

um strandferðir og styrk til flóabáta.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Við undirritaðir höfum eigi getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar að öllu um tillögur í þessu máli. Er öll nefndin þó sammála um það, að láta standa óbreytta áætlunaruppbæðina, 100000 kr., til Esjuferða 1925, með því að líkur benda til þess, að sú upphæð nægi með breyttu og bættu fyrirkomulagi á strandferðaáætlun skipsins.

Aftur hefir nefndin klotnað um tillöguna vegna styrks til flóabáta. Vill meiri hluti hækka styrkinn frá áætlun fjárlagafrumvarpsins og jafnvel ákveða hann fyrir hvern bát, en við teljum hvorki ástæðu til þess brýna nje efni á því. Álitum við, að þær 60000 kr., sem stjórnin hefir áætlað til þessara ferða, geti nægt, ef hyggilega og sanngjarnlega er útblutað fjenu, en þá úthlutun fjáris ætlu-
umst við til að stjórnin hafi á hendi og hafi þar til hliðsjónar aðrar samgöngur á sjó, flutningaþörf, tilhögun póstgangna að öðru leyti og bendingar þær, sem fram koma í tillögum samgöngumálanefndar og umræðum.

Við teljum þörf fyrir flóabáta vera einkum á 5 svæðum landsins og að 60000 kr. geti nægt til að fullnægja henni, þótt áætlunarferðum fækki eitthvað.

Þessi svæði eru :

1. Faxaflói með sunnanverðu Snæfellsnesi.
2. Vestur-Skaftafellssýsla með Rangársandi.
3. Breiðafjörður með Hvammsfirði og Gilsfirði.
4. Ísafjarðardjúp.
5. Austfirðir, einkum milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar.

Undanfarið hefir tiltölulega langt of mikið af bátastyrknum gengið til ferða um Faxaflóa og til ferðanna verið notað afardýrt og óhentugt skip. Nokkuð líkt má segja um Breiðafjörð, að óhentugt og dýrt skip hefir annast ferðir þar að mestu, og auk þess miklu af styrknum varið til skuldalúkninga fyrir fjelag það, er skipið á. Aftur hefir meir verið í hóf stilt fjárveitingum til Skaftafellingabáts, og þó einkum til Austfjarðabáts, eða sambandsins milli Hornafjarðar og Austfjarða.

Við teljum rjett, að sýslunefndir þeirra hjeraða, sem bátanna njóta, geri tillögur til stjórnarinnar um fyrirkomulag ferðanna og skifti fjáris milli báta, ef fleiri en einn bátur er á hverju svæði, en hins vegar álitum við, að skifti fjáris milli landshlutanna verði að vera verk stjórnarinnar eftir framansögðu, eins og líka að hún setji nauðsynleg skilyrði til öryggis ferðunum.

Eðlileg skifting og sanni næst á þeim 60000 kr., sem við viljum að lagðar verði til flóabáta á árinu 1925, teljum við að ætti að vera þessi :

Til Faxaflóaferða	18000	kr.
— ferða með Rangársandi og Vestur-Skaftafellssýslu	13000	—
— ferða um Breiðafjörð og greinar hans	12000	—
— ferða um Ísafjörðardjúp	12000	—
— ferða um Austfirði með Hornafirði	5000	—

Alþingi, 29. mars 1924.

Sveinn Ólafsson,
framsögum.

Árni Jónsson,
með fyrirvara.